

Kennsluáætlun í íslensku

2025/2026

3. bekkur

Waldorfskólinn Sólstafr

Kennari: Magnea Guðrún Gunnarsdóttir

Markmið:

Að nemendur

- geti hlustað af athygli á frásagnir og innlögn kennara
- geti endursagt og munað söguþráð úr sögum sem hann heyrir
- geti sagt frá atburðum úr eigin lífi og eigin upplifun í hóp
- geti beitt skýru og áheyrilegum framburði
- geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi
- geti lesið sér til skilnings og ánægju einfaldan texta og valið sér lesefni
- þekki hugtökin nafnorð, sagnorð, lýsingarorð, samheiti, andheiti, sérnöfn, samnöfn
- þekki hástafi og lágstafi og geti skrifað einfaldan texta frá eigin brjósti
- geti unnið skapandi með tungumálið með rím og eigin tjáningu og beitt fjölbreyttum orðaforða
- geti dregið rétt til stafs og haldið rétt á skriffærum
- geti tekið þátt í því að fara með vísur, þulur og sönglög ásamt bekkjarfélögum
- geti tekið þátt í umræðum, sagt frá og hlustað á aðra í spjalli um daglegt líf
- æfi sig í að skrifa einfaldar setningar eftir forskrift kennara
- tileinki sér metnað fyrir því að að búa til vandaða vinnubók
- auki við orðaforða sinn og skilning

Kennsluaðferðir og efni.

Dæmisögur og dýrlingasögur. Innihald þeirra rétt, hliðstæður, merking og boðskapur.

Gaumur gefin að fágætum orðum ef þau eru til staðar í frásögninni.

Skapandi verkefni. Vísabækur og spil.

Námsmat:

Hlustun og þátttaka í tímum.

Vinnubrögð og frágangur.

Hugmyndaauðgi og hjálpsemi.

Orðaforði og skilningur á íslensku máli.

Samskipti og samvinna.

Hæfniviðmið fyrir íslensku:

<https://waldorf.is/wp-content/uploads/2020/10/haefnividmid-i-%CC%81-i-%CC%81slensku-1-10.b.pdf>